Tillaga að ályktun um heitavatnsleit á Gálmaströnd

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026 ítrekar mikilvægi þess að leit að heitu vatni á Gálmaströnd verði haldið áfram og möguleikar svæðisins til jarðhitanýtingar kannaðir til fulls.

Verkefnið er mikilvægt fyrir framtíðarþróun Strandabyggðar og styður jafnframt við sameiginleg markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um aukið orkuöryggi, öfluga innviði og sjálfbæra byggða- og atvinnuþróun.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld og hlutaðeigandi aðila að tryggja framhald rannsókna á Gálmaströnd svo unnt verði að leiða til lykta hvort og með hvaða hætti nýta megi jarðhitann.

Greinargerð

Áframhaldandi leit að heitu vatni á Gálmaströnd er mikilvægt hagsmunamál fyrir Strandabyggð og getur haft verulega þýðingu fyrir framtíðarþróun svæðisins. Nýting jarðhita gæti stuðlað að auknu orkuöryggi, lægri orkukostnaði heimila og fyrirtækja auk þess að skapa tækifæri til atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar.

Mikilvægt er að fylgja eftir þeim rannsóknum sem þegar hafa farið fram og kanna til fulls möguleika á nýtingu jarðhitans. Verkefnið hefur jafnframt þýðingu fyrir Vestfirði í heild og fellur vel að framtíðarsýn Svæðisskipulags Vestfjarða 2025–2050 um öflug grunnkerfi, ábyrga nýtingu auðlinda og sjálfbæra byggða- og atvinnuþróun. Verkefnið styður þannig við sameiginleg markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um aukna byggðafestu, styrkingu innviða og fjölbreyttari tækifæri til framtíðar í landshlutanum.

Flutningsmaður: Hrafnhildur Þorsteinsdóttir fyrir hönd Strandabyggðar.